

**SAMORKA**

Samtök orku- og veitufyrirtækja

**Töllum um  
græna framtíð**



# Tölmum um græna framtíð

Orkustefna verði leiðarljós til framtíðar




Græn orka þýðir græn tækifæri



Treysta þarf orku- og veituinnviði um allt land



Uppfylla þarf orkuþörf til framtíðar



Vatnsvernd í fyrirrúmi



Áframhaldandi uppbygging fráveitna



Græn orka í stað jarðefnaeldsneytis



Skýrt og skilvirkjt regluverk



# Orkustefna verði leiðarljós til framtíðar

Orkustefna fyrir Ísland til ársins 2050, sem unnin var í þverpólítísku samstarfi, leggur áherslu á orkuöryggi, orkuskipti, að lágmarka sóun, fullnýtingu auðlindastrauma og að hámarka verðmætasköpun, um leið og gætt er að náttúru og umhverfi. Með markvissum aðgerðum skal því takmarki náð að Ísland verði jarðefnaeldsneytislaust.

Orkustefna verði það leiðarljós í  
orkumálum sem henni er ætlað að vera.  
Til þess þurfa áætlanir og ákvárdanir  
stjórnmálanna að taka mið af henni.

Ráðast þarf markvisst í þær aðgerðir  
sem til þarf svo markmið orkustefnu  
verði að veruleika.

Bæta þarf regluverk og gera  
lagabreytingar svo hægt sé  
að framfylgja stefnunni.



SAMORKA

# Græn orka = græn tækifæri

Eftirspurn eftir grænni orku og tæknilausnum fyrir orkuskipti eykst sífellt í heiminum. Sérstaða Íslands og reynsla í nýtingu endurnýjanlegrar orku er sóknarfæri fyrir Ísland til efnahagslegrar viðspyrnu og aukinnar hagsældar.

Sala á sérþekkingu, nýjum tæknilausnum og grænni orku í græna verðmætasköpun býður upp á möguleika á stórauknum gjaldeyristekjum fyrir þjóðarbúið.

Með því að skipta í græna orku á þeim svíðum samfélagsins sem enn nota jarðefnaeldsneyti verður Ísland sjálfbært í orkumálum. Í því felast tækifæri fyrir fólk og fyrirtæki auk ávinnings í loftslagsmálum.

Auking nýting grænnar orku, áhersla á hringrásarhagkerfið og nýsköpun býr til fjöldamörg, vel launuð störf um allt land og styrkir samkeppnishæfni landsins.

Stjórnvöld þurfa að búa þannig í haginn að hægt verði að grípa þau tækifæri sem byggja á hagnýtingu grænnar orku.

Forystuhlutverk Íslands í nýtingu endurnýjanlegrar orku gefur samkeppnisforskot sem nauðsynlegt er að nýta og viðhalda.



**SAMORKA**

# Treysta þarf orku- og veituinnviði um allt land

Sterkir innviðir með nægilegri afkastagetu þjóna íbúum og atvinnulífi um allt land og eru hornsteinn þjóðaröryggis og lífsgæða.

Aukin rafvæðing samfélagsins kallar á aukna græna orku og sterkara flutnings- og dreifikerfi um allt land.

Orku- og veituinnviðir eru lífæðar landsins. Loftslagsbreytingar koma til með að reyna á áfallaból þeirra.

Leysa þarf úr flöskuhálsum í flutningskerfi rafmagns sem takmarka atvinnu- uppbyggingu og orkuöryggi.

Bæta þarf regluverk svo það styðji við nauðsynlega uppbyggingu og viðhald orku- og veituinnviða.

# Uppfylla þarf orkuþörf til framtíðar

Öruggt aðgengi að rafmagni, heitu vatni, góðu drykkjarvatni og öflugri fráveitu er undirstaða samfélagsins.

Allir landsmenn eiga að búa við orkuöryggi. Þannig er það ekki í dag.

Markvisst er unnið að því að takmarka orkunýtingu á sífellt stærra landsvæði sem ríkt er af endurnýjanlegum orkulindum. Áður en frekari ákvarðanir um slíkar takmarkanir eru teknar er nauðsynlegt að því sé svarað hvaðan hreina orkan, sem uppfylla á þarfir samfélagsins nú og til framtíðar, eigi að koma.

Þörf fyrir heitt vatn eykst stöðugt. Gera þarf áætlanir um bætta nýtingu jarðvarma og tryggja þarf aðgengi að jarðhitaaußlindum fyrir húshitun.

Vindorka er sjálfsögð viðbót við þá endurnýjanlegu orkukosti sem nýttir eru í dag. Hún getur gegnt mikilvægu hlutverki í að uppfylla orkuþörf samfélagsins og til að stuðla áfram að samkeppnishæfu orkuverði á Íslandi.

# Vatnsvernd í fyrirrúmi

Hreint neysluvatn er einn af hornsteinum heilbrigðis og lífsgæða. Vatnið okkar er ein helsta auðlind landsins og aðgengi að því hér á landi er afar gott og gæði þess mikil.

Óvissu um rekstrargrundvöll vatnsveitna verði eytt og þeim heimiluð eðlileg arðsemi eigin fjár til að geta sinnt lögbundnu hluverki sínu.

Mikilvægi vatnsverndar og vatnsverndunar- svæða þarf að endurspeglast í allri löggjöf og kröfum til byggingaraðila, Vegagerðarinnar og annarra sem umgangast þau.



SAMORKA

# Áframhaldandi uppbygging fráveitna

Góð fráveita er mikilvægt heilbrigðis- og umhverfismál. Í dag búa 88% landsmanna við skólphreinsun sem uppfyllir reglugerð um fráveitur og skólp. Það er forgangsmál að styðja við áframhaldandi uppbyggingu fráveitna.

Sveitarfélög um allt land nái að uppfylla núgildandi reglugerð um fráveitur og skólp

Fráveituframkvæmdir eru íþyngjandi fyrir lítil og meðalstór sveitarfélög og ríkisstyrkir vegna þeirra því mikilvægir.

Tryggja þarf árlegar fjárveitingar í samræmi við þau markmið sem koma fram í lögum um uppbyggingu og rekstur fráveitna.



SAMORKA

# Græn orka í stað jarðefnaeldsneytis

Orkuskipti í samgöngum eru stærsta tækifærið til að minnka útblástur verulega svo standast megi skuldbindingar í loftslagsmálum. Um leið eru þau dauðafæri til að verða 100% sjálfbær í orkubörf samfélagsins.

Að hætta notkun jarðefnaeldsneytis krefst grænnar orku í staðinn.

Greina þarf hvernig hraða megi orkuskiptum í samgöngum, meðal annars með skilvirkara laga- og regluverki.

Orkuskiptin skapa fjölmörg tækifæri fyrir fólk og fyrirtæki auk þess sem ávinnungur í loftslagsmálum er mikill.

Stuðla þarf að innviða uppbyggingu fyrir orkuskipti um allt land.

Að mati sérfræðinga þarf um 300 MW af grænni orku í stað jarðefnaeldsneytis til þess að uppfylla núverandi loftslagsmarkmið stjórnvalda um orkuskipti í samgöngum á landi fyrir árið 2030. Full orkuskipti í samgöngum innanlands á landi, lofti og á sjó þurfi um 1200 MW. Til að leysa jarðefnaeldsneyti af hólmi í millilandasamgöngum þarf enn meira til.

# Skýrt og skilvirkт regluverk

Góð lagaumgjörð er forsenda þess að orku- og veitufyrirtæki landsins geti sinnt þeirri grunnþjónustu sem samfélagið allt byggir á. Hún er einnig forsenda þess að ná markmiðum orkustefnu um jarðefnaeldsneytislaust Ísland fyrir árið 2050.

Bæta þarf núverandi regluverk sem er bæði þungt í vöfum og óþarflega flókið. Samkvæmt orkustefnu á leyfisferli og regluverk að vera gegnsætt, einfalt og skilvirkт og ekki lengra eða tímafrekara en best gerist í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Í ljósi þeirra alvarlegu ágalla sem eru á framkvæmd rammaáætlunar leggur Samorka til að fram komi nýtt, skilvirkт fyrirkomulag sem leiði til þess að ákvarðanir um nýtingu eða vernd orkuauðlinda séu teknar með heildarhagsmuni samfélagsins að leiðarljósi.

Setja þarf regluverk um vindorku sem liðkar fyrir hagnýtingu vinds í þágu samfélagsins um leið og það horfir til umhverfisins. Fyrri frumvörp gerðu það ekki.